


## Heimildaskráning í WORD - References

Word 2016 (og eldri en 2010) gefur möguleika á að skrá hjá sér heimildir jafnóðum og ritgerð eða verk er unnið. Í tækjastiku Word er valinn flipinn References.




Til að setja inn nýja heimild eða tilvitnun (e. Citation) er farið í References. Velja þarf stíl heimildar (í þessu tilfalli Chicago) og færa inn grunnupplýsingar um heimildina sem er verið að nota.

Hægt er að skrá heimildirnar jafnóðum og þær eru notaðar í verkefnavinnunni með því að velja Incert citation → Add new source

Veljið á hvaða formi heimildin er: bók, tímaritsgrein, vefsíða eða eitthvað annað sem hægt er að velja úr fellilista.

Einnig er hægt að færa inn allar heimildir einu með því að velja **Manage Sources** og velja **New** og þá fær maður sama ramma og hér ofar Create Source og fyllir inn í reitina eins og við á.



Undir **Manage Sources** (Umsjón heimilda) hlaðast inn þær heimildir sem hafa verið skráðar.

### **Masters list - Aðallisti**

Vinstra megin eru þær heimildir sem skráðar hafa verið.

### **Current List - Núverandi listi.**

Hægra megin eru þær heimildir sem verið er að vinna með.

### **Copy → Afrita**

Hægt er að færa heimildir á milli listanna, þ.e. ef heimild hefur verið verið skráð áður er hægt að nota hana aftur með því að færa hana yfir í núverandi lista í nýju skjali.

**Delete** Eyða heimild

**Edit** Breyta upplýsingum um heimild. Opna skráningarformið og lagfæra eftir þörfum.


**New** Ný heimild. Ný heimild skráð með viðeigandi upplýsingum.

Þegar tilvísun er sett fyrir aftan texta í skjali (Insert Citation) kemur nafn höfundar og ártal inni í sviga (Ragnhildur Richter 2015).


Smellið í tilvitnunina og síðan í örina hægra megin við hana (Citation Options) og veljið Convert citation to static text (Umbreyta tilvitnun í fastan texta). Þá er hægt að breyta texta ef þarf, taka út merki, stytta / fækka höfundum og fl.

Ef tilvísun er neðanmáls er svigum eytt.

Ef vísa á í blaðsíðunúmer er tvípunktur (eða s.) skrifaður á eftir ártalinu og síðan blaðsíðunúmerið.



eða



Heimildaskrá heldur utan um þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að finna réttu heimildirnar án mikillar fyrirhafnar. Heimildaskráin er ávallt sett á nýrri síðu aftast í verki/ritgerð.

Í heimildaskrá þurfa að koma fram allar helstu upplýsingar um þær heimildir sem notaðar eru, svo sem höfundur verks, titill, útgáfustaður og útgáfuár. Sé vitnað í tímaritsgrein þarf einnig að koma fram úr hvaða tímariti greinin er og hvar greinina er að finna í því (árgangur, tölublað ef við á og blaðsíðutal). Heimildum er svo raðað í stafrófsröð eftir höfundi. Íslenskum höfundum er raðað eftir eigin nafni en erlendum eftir eftirnafni, svo sem siður er á íslenskum bókasöfnum. Sé verkið höfundarlaust er yfirleitt raðað eftir heiti/titli verksins eða ritstjóra.

Þegar heimild er færð inn í heimildaskrá er möguleiki að gera það á tvo mismunandi vegu:

### Manage sources velja New

eða


### Incert citation--- add new source

athugið að tungumálið sé annaðhvort **icelandic** eða **default**.


Veljið hvaða tegund heimildar er verið að vinna með úr fellilista t.d **book**

Bætið við línunum ef þarf, með því að haka við **Show all Bibliography Fields**, sérstaklega við skráningu tímaritagreina eða vefsíðna.

Fyllið í þær upplýsingar sem eiga að koma fram í heimildaskránni.



Ef höfundur er íslenskur er nafn hans fært í línuna **Corporate author**, þá raðast hann í skránni á fornafn samkvæmt íslenskum sið.



Til að fá rétta röð á íslensk nöfn ritstjóra og þýðenda þá þarf maður að plata Word. Veljið hnappinn **Edit** sem er aftan við reitina Editor (ritstjóri) eða Translator (þýðandi)

Til þess að íslenska nafnið birtist rétt skráum við fullt nafn í reitinn LAST og setjum svo eitthvert tákni í reitinn FIRST.

Gott er að nota tákni eins og \* eða #.

Muna svo eftir að taka táknið burt þegar heimildaskráin er tilbúin

## Lög

Þegar vitnað er í íslensk lög eru þau skrá í heimildaskrá sem (type of source) **Case**.

Fyllið í Heiti laganna, númer og dagsetningu.

Hakið svo við **Show all Bibliography Fields** og bætið við upplýsingum hvenær þið sóttuð þessar upplýsingar og vefslóðinni, URL.

## Vefsíður.

Heimildir af netinu eru skráðar sem **Document from Web site**

Edit Source

Type of Source: Document From Web site Language: Default

Bibliography Fields for Chicago

Author:  Corporate Author: Ásdís Edit

Name of Web Page: Hve margir heita?

Name of Web Site: Hagstofa Íslands

Year: 2016

Month: janúar

Day: 1

Year Accessed: 2017

Month Accessed: október

Day Accessed: 27

URL: https://hagstofa.is/talnaefni/ibuar/faeddir-og-danir/nofn/


Show All Bibliography Fields

Tag name: Ásd16

OK Cancel

## Heimildaskrá sett inn í skjal.

Heimildaskráin er sett inn aftast í skjalinu. Ef ritgerðin er nokkrar síður ef best að hafa hana á sér blaði efst. Notið **Ctrl - enter** til að hoppa efst á næstu síðu og náíð í heimildaskrána.



Smellið á **Bibliography** og veljið Incert Bibliography

Þá birtist listinn yfir heimildir sem búið er að skrá. Hægt er að bæta við heimildum síðar og uppfæra listann eftir þörfum. Ef notuð hafa verið tákni eða það þarf að lagfæra eitthvað í skránni er hægt að gera það handvirkt í lokin.

Ásdís. 2016. „Hve margir heita?“ *Hagstofa Íslands*. 1. janúar. Skoðað 27. október 2017.  
<https://hagstofa.is/talnaefni/ibuar/faeddir-og-danir/nofn/>.

Gils Guðmundsson, \*, ritstj. 1995. *Öldin okkar 1900-1930*. Reykjavík: Iðunn.

Jón Gunnar Þorsteinsson. 2003. „Hvaða nöfnum má skíra börn og hvað má ekki skíra?“  
*Vísindavefurinn*. 10. október. Skoðað 27. október 2017.  
<https://www.visindavefur.is/svar.php?id=3791>.

*Lög um mannanöfn*. 1996. nr. 45 (17. maí). Skoðað 27. október 2017.  
<http://www.althingi.is/lagas/nuna/1996045.html>.

Ragnhildur Richter, Steingrímur Þórðarson, og Sigríður Stefánsdóttir, . 2015. *Íslenska fjögur*. Rvk:  
Forlagið.

Viggó Ásgeirsson. 2008. „Engill dauðans“. Spænska veikin á Íslandi 1918-1919.“ *Saga* 46: 76-114.